

Fundargerð



MÝVATN

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps

52. fundur.

að Hlíðavegi 6, 24. feb. 2005, kl. 13:30.

DAGSKRÁ:

- | | |
|----|--|
| 1. | Fundarsetning. |
| 2. | Ramý, Árni Einarsson, mætir til fundarins. |
| 3. | Ferðapjónusta. Stjórn Ferðamálafélags Mývatnssveitar mætir til fundarins í samræmi við bókun á 49. fundi. |
| 4. | Fundargerðir skólanefndar frá 31. jan. og 7. febrúar. |
| 5. | Erindi Leifs og Ólafar Hallgrímsbarna þar sem óskað er eftir að gera óverulegar skipulagsbreytingar í Vogum. Málið var áður rætt á 44. fundi sveitarstjórnar í okt. s.l. |
| 6. | Erindi Laufeyjar Sigurðardóttur, Músik í Mývatnssveit, þar sem óskað er eftir styrk til tónlistarflutnings um páska. |
| 7. | Styrkbeiðni vegna söngnámskeiðs - framkomunámskeiðs fyrir unglinga. |
| 8. | Fyrirtækjalisti vegna sorphirðu 2005. |
| 9. | Bókun sveitarstjóra vegna starfsloka. |

Mættir: Guðrún María Valgeirsdóttir, Jón Óskar Ferdinandsson, Kristján Stefánsson, Birkir Fanndal Haraldsson, Böðvar Pétusson.

1. Fundarsetning.

Oddviti setti fund. Oddviti tilkynnti að 2. lið á dagskrá; heimsókn Ferðamálafélagsins yrði frestað til næsta fundar þar sem tveir gestanna hefðu ekki átt heimangengt. Oddviti óskaði eftir að fyrirtækjalisti vegna sorphirðu 2005 yrði tekinn fyrir að nýju sem 8. mál, þar sem villa hefði leynst í listanum sem samþykktur var á síðasta fundi. Þá óskaði sveitarstjóri eftir að leggja fram bókun vegna starfsloka sem 9. mál.

2. Ramý, Árni Einarsson, mætir til fundarins.

Árni kynnti starfsemi stöðvarinnar fyrir sveitarstjórn, ekki síst í ljósi þess að ný lög hafa verið sett um verndun Mývatns og Laxár sem jafnframt eiga við um rannsóknarstöðina. Enn hefur stöðinni ekki verið sett fagrað né reglugerð sett á grundvelli nýrra laga.

Skipst var á skoðunum um ýmislegt sem stöðinni tengist og þær rannsóknir sem unnið er að og fyrirhugaðar eru.

3. Ferðaþjónusta. Stjórn Ferðamálafélags Mývatnssveitar mætir til fundarins í samræmi við bókun á 49. fundi.

Frestað til næsta fundar.

4. Fundargerðir skólanefndar frá 31. jan. og 7. febrúar.

Fundargerð skólanefndar frá 31. janúar:

2. liður: Ekki eru gerðar athugasemdir við bókun skólanefndar.
3. liður: Sveitarstjórn samþykkir hækkun gjaldskrár Yls um 5,5% og að ný gjaldskrá taki gildi 1. apríl en ekki 1. mars eins og skólanefnd leggur til. Gjaldskráin fer hér á eftir. breytingar eru ská- og feitletraðar innan sviga.

Gjaldskrá Leikskólans Yls.

Verð pr. mánaðarklst. kr. 2380- **(2.510)**

Dæmi: Barn er í vistun 4 klst. á dag. Gjaldið verður því 4×2.380 **(2510)= 9.520(10.040)**

* Börnum einstæðra foreldra er veittur 25% afsláttur.

*Systkinaafsláttur er eftirfarandi:

2. barn 25%
3. barn 50%
4. barn 75%

Afsláttur er veittur af því gjaldi sem lægra er ef um mislanga vistun systkina er að ræða.

*Frá og með 1. sept ári áður en grunnskólanám hefst er leikskólavist fimm ára barna foreldrum að kostnaðarlausu. Greiða skal þó fyrir fæði barnanna.

Við útreikning á gjöldum er ávallt reiknað með 20 dögum í mánuði.

4. liður: Sveitarstjórn óskar eftir að skólanefnd endurskoði gjaldskrá tónlistarskólans í tæka tíð áður en næsta skólaár hefst.

Fundargerð skólanefndar frá 7. febrúar:

2. liður: Sveitarstjórn hefur þegar ráðstafað 400 þús kr. til kaupa á búnaði til leikskólans í samræmi við lista sem stjórnendur Yls gerðu í október. Stjórnendur Yls munu ákvarða hvernig fjármununum verður ráðstafað.
3. liður: Mælst er til að nefndin í samráði við skólastjóra tónlistarskólans geri kostnaðaráætlun vegna lagfæringa á hljóðfærum og leggi fyrir sveitarstjórn.

Samþykkt samhljóða.

5. Erindi Leifs og Ólafar Hallgrímsbarna þar sem óskað er eftir að gera óverulegar skipulagsbreytingar í Vogum. Málið var áður rætt á 44. fundi sveitarstjórnar í okt. s.l.

Sveitarstjórn samþykkir erindið og felur sveitarstjóra að láta vinna verkið.

6. Erindi Laufeyjar Sigurðardóttur, Músik í Mývatnssveit, þar sem óskað er eftir styrk til tónlistarflutnings um páska.

Sveitarstjórn mun ekki styrkja verkefnið að þessu sinni.

7. Styrkbeiðni vegna söngnámskeiðs – framkomunámskeiðs fyrir börn og unglinga.

Samþykkt að styrkja verkefnið um kr. 75 þús.

8. Fyrirtækjalisti vegna sorphirðu 2005.

Eftirfarandi listi lagður fram, en villur voru í lista sem samþykktur var á síðasta fundi.

Fyrirtækjalisti vegna sorpgjalds 2005 fyrirtæki	flokkur	2005
Dekkjaverkstæðið Ytri-Neslöndum	a	13.900
Dyngjan	a	13.900
Haganes, veiðihús	a	13.900
Léttsteypan	a	13.900
Útimarkaður	a	13.900
Víkurnes, hópferðapjónusta	a	13.900
		83.400
Ferðapjónustan Bjargi	b	38.100
Mýflug	b	38.100
Reykhúsið Geiteyarströnd	b	38.100
Skútustaðahreppur skrifst/leikskóli	b	38.100
Skútustaðair 2b, gisting-tjöldun, reykhús	b	38.100
Sparisjóíður S-Þingeyinga	b	38.100
Zanzibar	b	38.100
Vogafjós	b	38.100
Vogabændur	b	38.100
		342.900
Eldá	c	69.300
Ferðapjónustan Hlíð	c	69.300
Hótel Reykjahlíð	c	69.300
Náttúruböðin	c	69.300
Skútustaðahreppur, áhaldahús	c	69.300
Stöng, ferðapjónusta	c	69.300
Veiðihús í landi Hofstaða	c	69.300
		485.100
Hótel Reynihlíð	d	127.000
Kísiliðjan	d	127.000
Lykilhótel	d	127.000
Mývatn ehf	d	127.000
Skjólbrekka, félagsheimili	d	127.000
Skútustaðahreppur, grunnskóli	d	127.000
Skútustaðahreppur, íþróttamiðstöð	d	127.000
Sniðill	d	127.000
		1.016.000
Sauðahellir ehf	e	248.300
		248.300
Kröfluvirkjun	f	375.400

		375.400
saamt. fyrirtæki		2.551.100
alm. gjald	150	13.900
		2.085.000
saamtals alls		4.636.100

Samþykkt samhljóða.

9. Bókun sveitarstjóra vegna starfsloka.

Eins og sveitarstjórn hefur þegar verið greint frá hyggst undirritaður láta af störfum á haustdögum eða eftir nánara samkomulagi. Ástæður þess að ég skýri frá þessari ákvörðun nú eru þær að mér finnst ófært að hefja atvinnuleit á nýjum vettvangi án þess að sveitarstjórn sé um það kunnugt að ég hyggist láta af störfum.

Eins og alkunna er lýkur ráðningu sveitarstjóra við lok kjörtímabils. Því er ljóst að ráðningarsamningur minn er úti á vordögum 2006. Við þau tímamót hefi ég löngu ákveðið að leita fyrir mér um störf á öðrum vettvangi.

Mér þykir heppilegra að starfslok mín geti orðið á haustdögum af ýmsum ástæðum. Ákvörðun mín byggir jafnframt á því að ég tel að það komi Skútustaðahreppi ekki illa þó ég láti störfum nokkrum mánuðum fyrir en ella hefði orðið.

Ég er reiðubúinn til að veita sveitarstjórn og eftirmanni mínum alla þá aðstoð sem ég mögulega get, verði þess óskað, þó svo ég verði horfinn frá störfum, enda reynsla mín og þekking vonandi einhvers virði eftir tæplega níu ára starf sem sveitarstjóri.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

Guðrún María Valgeirsdóttir,

Þuríður Snæbjörnsdóttir,

Kristján Stefánsson,

Birkir Fanndal Haraldsson,

Böðvar Pétusson.